



Skólasel og íþróttæfingar

Í Hvanneyrardeild er íþrótt- og tómskundaskóli í boði að loknum skóladegi til kl. 16:00.

Boðið er upp á skólasel og tómsundur í skólanum og íþróttæfingar á Hvanneyri og í Borgarnesi.

Tómsunda- og íþróttaskólinn hefur einnig boðið upp á íþróttæfingar í samstarfi við ungmennafélögin á svæðinu eftir skóla í Varmalands- og Kleppjárnsreykjadeild. Æfingarnar eru eftir skóla og þurfa foreldrar að sækja nemendur að þeim loknum.

Tómsundaakstur er alla daga að loknum skóladegi í Borgarnes frá öllum deildum, www.gbf.is

Nánari upplýsingar um skólasel og íþróttæfingar veitir tómsundafulltrúi Borgarbyggðar á netfangið siggadora@umsb.is



Tónlistarnám

Nemendum GBF gefst kostur á að stunda tónlistarnám á skólatíma. Kennslan er á vegum Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Boðið er upp á kennslu á ýmis hljóðfæri t.d. píanó, gítar og blásturshljóðfæri. Nánari upplýsingar veitir skólustjóri Tónlistarskólans á netfangið tskb@simnet.is

„Oft gleður sá aðra, sem glaður er“



Skólustjóri

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
433-7302/847-9262
ingibjorg.inga@gbf.is

Deildarstjóri Hvanneyrardeildar

Helga Jensína Svavarsdóttir
433-7316/861-1661
helga.jensina.svavarsdottir@gbf.is

Deildarstjóri Kleppjárnsreykjadeildar

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir
433-7320/840-1520
ingibjorg.adda.konradsdottir@gbf.is

Deildarstjóri Varmalandsdeildar

Aron Páll Hauksson
433-7309/840-1524
Aron.pall.hauksson@gbf.is

→ Ef einhverjar spurningar vakna, endilega setjið ykkur í samband við deildarstjóra viðkomandi deildar.


Við bjóðum barnið þitt velkomið í skólann og vonumst eftir góðu samstarfi.

Grunnskóli Borgarfjarðar



**Skólabyrjun
Kynningarbæklingur
fyrir nýja nemendur**

GLEÐI - HEILBRIGÐI - ÁRANGUR



Leiðtoginn í mér

433-7300
www.gbf.is / gbf@gbf.is



Hlutverk GBF

Hlutverk grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að:

- stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og árcæðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins

Framtíðarsýn GBF

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.

Um skólann

Nemendur í GBF eru í heild 190 á þremur starfsstöðvum.

Í Hvanneyrardeild eru 28 nemendur í 1. - 5. bekk.

Í Kleppjárnsreykjadeild eru 84 nemendur í 1. - 10. bekk.

Í Varmalandsdeild eru 78 nemendur í 1. - 10. bekk.

Samkennta er í flestum árgöngum og er það misjafnt á milli ára hvaða árgöngum er kennt saman.

Nemendur koma flestir til og frá skóla með skólabílum. Kennsla hefst kl. 8:30 í öllum deildum. Kennsla lýkur ávallt 13:35 en 15:05 á þriðju-, miðviku- og fimmtudögum í Kleppjárnsreykja- og



Leiðtogiinn í mér

Leiðtogiinn í mér er hugmyndafræði fyrir skóla sem byggir á bók Steven R. Covey : *7 venjur til árangurs*. Hún gengur út á það að byggja upp sterka einstaklinga til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Tilgangurinn er ekki að búa til leiðtoga úr öllum, heldur að hjálpa hverjum einstaklingi til að blómstra og vinna út frá sínum eigin styrkleikum. Læra að bera ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig móta líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni nemenda og starfsfólks.

List- og verkgreinar

Skólinn leggur mikið upp úr fjölbreyttri list- og verkgreinakennslu. Í vetur var boðið upp á tónlist, heimilisfræði, smíði, textílmenn, myndmennt, nýsköpun og leiklist. Nemendur fá auk þess fjóra íþróttatíma á viku þ.e. 3 í íþróttum og 1 í sundi.

Mötuneyti

Mötuneyti skólans bjóða upp á morgunmat og hádegismat auk ávaxtastundar og því koma nemendur ekki með nesti í skólann.

Útivist

Nemendur yngri deildar fara út í frímínútum og matarhléum. Það er því mikilvægt að börnin komi klædd eftir veðri og séu með aukaföt í skólatöskunni.



Veikindi og leyfisbeiðni

Öll veikindi þarf að tilkynna að morgni skóladags í gegnum mentor.is eða símleiðis til ritara.

Umsjónarkennari getur gefið leyfi í 1 - 2 daga en ef það þarf að biðja um lengra leyfi þarf að sækja um það skriflega til deildarstjóra viðkomandi deildar í samráði við umsjónarkennara. Eyðublað má finna á heimasíðu skólans, www.gbf.is

Stoðþjónusta

Við skólann eru starfandi skólasálfræðingur, talmeinafræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og kennsluráðgjafi í mismunandi stöðuhlutföllum.

